


Alþingi
Erindi nr. P/135/2846
komudagur 20.5.2008



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2008

Frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð mál nr. 554.

Veiðimálastofnun hefur verið beðin um umsögn um frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð. Fiskræktarsjóður gegnir afar mikilvægu hlutverki og styður fiskræktaraðgerðir í ám og vötnum sem og rannsóknir á því sviði. Hvað varðar ýmsar rannsóknir Veiðimálastofnunar hefur stuðningur sjóðsins verið ómetanlegur.

Ekki náðist að breyta lögum um skipan sjóðsins um leið og lög um lax og silungsveiði voru endurskoðuð fyrir rúmum 2 árum síðar. Ágreiningur var um greiðslur til sjóðsins, en raforkufyrirtæki voru mjög andsnúinn greiðslum til sjóðsins. Í frumvarpinu er fundinn ný leið svo að sjóðurinn fái að starfa áfram í bærilegum friði. Er það mjög mikilvægt fyrir starfsemi hans. Veiðimálastofnun styður því þessa lausn mála.

Um einstakar greinar frumvarpsins er Veiðimálastofnun með ábendingar. Í 2. grein er kveðið á um stjórn sjóðsins. Fimm manna stjórn er ef til vill of stór. Fiskeldismenn koma til dæmis lítið nærri fiskrækt og greiða ekki til sjóðsins. Hafa mætti 3 manna stjórn (og jafnmarga til vara) þar sem Landssamband veiðifélaga (veiðifélög greiða til sjóðsins og standa fyrir fiskrækt), Landssamband stangveiðifélaga (eru notendur afraksturs fiskræktar) og svo ráðherraskipaður formaður. Með þessu móti yrði stjórnun sjóðsins snarpari og kostnaðarminni. Í 8. grein 3. málsgrein er heimildarákvæði að óska eftir umsögn Matvælastofnunar. Þessu má sleppa þar sem frumvarp er fyrir þinginu að færa þessa starfsemi Matvælastofnunar til Fiskistofu.

Veiðimálastofnun styður framkomið frumvarp.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri